

Erluás 50 í Hafnarfirði

Einbýlishús.

Heildarstærðir (brúttó)

Matshluti 01	Flatamál (m ²)	Rúmmál (m ³)	Lóðarstærð (m ²)	Nýtingarhlutfall (0.X)
Íbúð	213,2	609,3		
Bílskúr	34,1	99,3	▲	
Botnplata	200,5	37,3		
Þakrými		100,2		
Samtals	247,3	846,4	648,9	0,38

Húslýsing

Akoma að húsinu er úr suðaustri frá götu. Aðalinnangangur er í Innðregnu skoti á milli eldhúss og bílskúrs, sem er á hægri hönd. Frá anddyri er gengið til hægri inn í þvottahús og áfram þaðan inn í bílskúr. Í anddyri er snyrting á hægri hönd aðeins innar. Inn úr anddyri er komið inn í rúmgott hol. Frá holl er gengið inn í þrjú herbergi og baðherbergi og þaðan liggur einnig stigi niður á neðri hæð. Á vinstri hönd er gengið inn í stofu og borðstofu og þaðan inn í eldhús. Frá borðstofu eru dyr út á verönd. Á jarðhæð er sér inngangur, snyrting, vinnuherbergi og geymsla.

Byggingarlýsing

Í húsinu er ein íbúð á tveimur hæðum. Á lóð eru þrjú bílastæði og sorpgæmsla.

Útveggir.

Útveggir eru úr jámbundinni steinsteypu, staðsteyptir á hefðbundinn hátt, einangraðir að innanverðu með 100mm steinullareinangrun og klæddir að innan með gíflötu. Að utan verða veggir steinaðir í koksgráum lit með marmaramulningi.

Einangrun

Einangrun er miðuð við ákvæði gr.180 um hámarks U-gildi einstakra byggingarhluta og vegið meðaltal U-gildi útveggja verður uppfyllt. Notað verður K-gler í alla glugga.

Þak.

Þakið verður bitasperruþak, sem verður stólað ofan á steinsteypa loftplötu. Loftplatan verður einangruð að ofan með 200 mm steinullareinangrun. Allt þakið verður klætt með þakpappa ofan á borðaklæðningu og þar ofan á með stálklæðningu.

Gluggar.

Gluggar verða timburgluggar úr harðvliði með tvöföldu einangrunargleri. (K-gler)

Útihurðir.

Útihurðir verða úr harðvliði.

Verandir.

Verönd verður staðsteypt og stéttar verða hellulagðar, með steinsteypum hellum. Stétt undir skyggni við aðaldir verður steinsteyp.

Gólf.

Gólf verða staðsteypt. Undir gólfplötu skal einangra með 75 mm einangrun.

Innveggir.

Veggir kringum baðherbergi verða hlaðnir úr vikur- eða gjallplötum og þússaðir. Aðrir innveggir verða blikkstoðaveggir klæddir gíflötu.

Loftrásir

Loftrásir skulu vera í öllum lokuðum gluggalausum rýmum og þar sem þær eru sýndar á uppdrætti (LR.) þær skulu vera úr efni í flokki 1 og þær skal einangra og rakaverja í köldu þakrými.

Sorp.

Sorpgæmslu verður komið fyrir á lóð nálægt lóðamörkum við götu. Sorpgæmsla skal vera úr A-EI60 byggingahlutum. Stærð sorpgæmslu miðist við sorpflokkun.

Lóð

Bílastæði og megin aðkomur innan lóðar eru hellulögð. Gangstéttar og verandir verða hellulagðar. Önnur svæði verða þakin grasi, plöntum og trjágróðri. Möguleiki verður á að hafa snjóbræðslu í gangstéttum og bílastæðum.

Brunatæknileg atriði:

Burðarvirki hússins verður R60. Veggir á milli bílskúrs og íbúðar verða REI60. Hæðaskil og loftplata verða einnig REI60.

Rýmingarleiðir eru nokkrar úr húsinu. Þær eru úr hverju herbergi í svefnálmú út um glugga og út um dyr úr stofu. Í kjallara eru rýmingarleiðir út um glugga á vinnuherbergi og geymslu og um útidyr.

Reykskynjara skal setja upp í samræmi við byggingareglugerð. Staðsetning, gerð og stærð handslökkvitækja skal vera í samræmi við reglugerðir og leiðbeiningar eldvarnartírlits.

Þakklæðningar skulu vera í flokki T. Klæðningar innanhúss verða í flokki 1.

AÐALUPPDRÁTTUR





Samþykkt þann

13 JUNI 2003

Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Sigurbjartur Halldórsson

Afstöðumynd 1:500



Sneiðing A-A

Breyting B 25.5.2003 - Svölum á suðurhlíð breytt

A Breyting A 20.4.2002 - Neðri hæð ekki lengur innðregin og sett dyraskyggni yfir inngang á neðri hæð

Aðalhönnuður - Sigurbjartur Árnason arkitekt kt. 050656-3229

Norðurvangi 44 - Hafnarfirði - sími 565 1407

ERLUÁS 50 - HAFNARFIRÐI

Aðaluppdráttur
AFSTÖÐUMYND - SKÝRINGAR - SNEIÐING A-A

Hannað: SA
Reiknað: SA
Teiknað: SA
Yfirfarð: SA
Breytt:

Kvarði: 1:100 og 1:500
Dagss.: 12.3.2002
Værk nr.:
Teikn. nr: 101 B

Sigurbjartur Árnason